

Þarfagreining vegna þjónustu- og aðkomubyggingar að Varmá



16. apríl 2024

Guðjón Svansson, Illugi Þór Gunnarsson, Lára Gunnarsdóttir og Sif Sturludóttir

Parfagreining vegna þjónustu- og aðkomubyggingar að Varmá

Útgefandi:

Mosfellsbær

Þverholti 2

270 Mosfellsbær

Ljósmyndir Gunnar Freyr Steinsson og Gunna Stína Einarsdóttir



Yfirlit skýrslu

1. Formáli
2. Samantekt
3. Framkvæmd þarfagreiningar
4. Niðurstöður viðtala við hagaðila
5. Niðurstöður úr spurningakönnun
6. Vettvangsheimsóknir
7. Íþróttir í Mosfellsbæ
8. Íþróttasvæðið að Varmá
9. Horft til framtíðar



Formáli

Bæjarráð samþykkti 18. janúar 2024 erindisbréf stýrihóps um endurskoðun á framtíðarsýn fyrir íþróttasvæðið að Varmá til næstu 15 ára. Markmið með endurskoðun fyrir Varmásvæðið er að móta skýra sýn á uppbyggingu á svæðinu sem m.a. nýtist til að styrkja almenningiþróttir og íþróttastarf Aftureldingar, bæta útivistaraðstöðu fyrir nemendur í aðliggjandi skólum og almennt auka gæði svæðisins fyrir íbúa Mosfellsbæjar.

Stýrihópin skipa:

Bæjarfulltrúar: Halla Karen Kristjánsdóttir, Valdimar Birgisson og Erla Edvardsdóttir til vara, Ásgeir Sveinsson og Jana Katrín Knútsdóttir til vara.

Fulltrúar Mosfellsbæjar: Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri, Arnar Jónsson sviðsstjóri menningar-, íþrótt- og lýðheilsamála, Jóhanna B. Hansen sviðsstjóri umhverfissviðs og Guðjón Svansson leiðtogi íþrótt- og lýðheilsamála.

Fulltrúi Aftureldingar: Birna Kristín Jónsdóttir formaður og til vara Grétar Eggertsson framkvæmdastjóri.

Verkefnisstjórar: Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir skrifstofustjóri umbóta og þróunar og Sif Sturludóttir leiðtogi upplýsingastjórnunar.

Skipaður var vinnuhópur um þarfagreiningu nýrrar þjónustu- og aðkomubyggingar og hann skipuðu Guðjón Svansson, Illugi Þór Gunnarsson, Lára Gunnarsdóttir og Sif Sturludóttir. Hópurinn vann þarfagreininguna á tímabilinu 19. janúar – 16. apríl 2024.

Niðurstöður þarfagreiningarinnar er að finna í þessari skýrslu.

Helstu verkefni stýrihópsins:

- Framtíðarsýn vegna uppbyggingar íþróttamannvirkja í Mosfellsbæ.
- Heildarskipulag Varmásvæðis með hliðsjón af uppbyggingarþörf íþróttastarfs og annarrar uppbyggingar.
- Endurskoðun þarfagreiningar fyrir Varmásvæðið og þjónustu- og aðkomubyggingar. Byggt á fyrri þarfagreiningum EFLU og bæta við hana skoðun á sundlaugarbyggingu og öðrum rýmum sem þarfagreining EFLU tók ekki til.
- Kostnaðarmats á valkostum með tilliti til uppbyggingar svæðisins og fjármögnunar þar sem skoðaðar verði mögulegar leiðir til tekjuöflunar á svæðinu.
- Aukin áhersla á samráðs við helstu hagaðila þ.m.t. börn og ungmenni.



Yfirlit skýrslu

1. Formáli
2. **Samantekt**
3. Framkvæmd þarfagreiningar
4. Niðurstöður viðtala við hagaðila
5. Niðurstöður úr spurningakönnun
6. Vettvangsheimsóknir
7. Íþróttir í Mosfellsbæ
8. Íþróttasvæðið að Varmá
9. Horft til framtíðar



Samantekt

Þarfagreiningin sýnir að fjölgun **búningsaðstöðu** að Varmá er aðkallandi. Í dag eru 4 fullbúnir klefar í íþróttamiðstöðinni, 2 þurrklefar fyrir fimleikana og bardagasalinn ásamt 2 bráðabirgðaklefum fyrir meistaraflokka Aftureldingar í knattspyrnu. Samtals 6-8 klefar fyrir 11 deildir Aftureldingar. Til samanburðar eru bæði Fram og Valur með 15 klefa fyrir aðeins 3 deildir.

Afrekslið Aftureldingar (meistaraflokkar kvenna og karla) í handbolta, blaki og knattspyrnu myndu vilja vera með sérklefa líkt og Fram, Valur og flest ef ekki öll önnur meistaraflokkslið á höfuðborgarsvæðinu. Þetta eru samtals 6 klefar. Fyrir íþróttafélag og bæjarfélag sem vill ýta bæði undir afreksstarf og forvarnarstarf er mikilvægt að huga vel að afreksliðunum til að vera samkeppnishæf. Þá þarf einnig að vera næg búningsaðstaða fyrir yngri iðkendur allra deilda, nemendur í skólaíþróttum, fyrir gestalið, dómara, íþróttakennara og starfsfólk. 9 klefar til viðbótar í það minnsta.

Mikilvægt er að hafa í huga að ekki allir nýir klefar þurfa að vera í þjónustubyggingunni. Fimleikar, karate og taekwondo óska eftir góðri búningsaðstöðu nálægt æfingaaðstöðu þeirra. Knattspyrnudeildin gerir ráð fyrir að þeirra þörf fyrir búningsaðstöðu verði mætt í nýrri stúkubyggingunni við aðalvöllinn.

Félags-, nestis- og samkomurými er af skornum skammti að Varmá í dag. Þátttakendum í þarfagreiningunni þótti mikilvægt að bæta úr því. **Aðstaða fyrir gesti og barnvæn aðstaða** er það sem oftast er nefnt í þarfagreiningunni á eftir búningsaðstöðu.

Vinnu- og fundaaðstöðu fyrir þjálfara, starfsfólk, íþróttakennara og aðra starfsemi er ábótavant. Í dag er pláss fyrir um 10 starfstöðvar í opnu vinnurými Aftureldingar og starfsmanna íþróttamiðstöðvar en þörf er fyrir tvöfalt fleiri vinnurými samkvæmt þarfagreiningu. Afturelding er í dag með eitt lítið fundarherbergi. Þörf er fyrir fleiri fundarherbergi og samkomurými af ýmsum stærðum fyrir fundi með leikmönnum, liðsfundi, stjórnarfundi, foreldrafundi og fleira. Þessi aðstaða myndi nýtast Aftureldingu og öðrum íþróttafélögum bæjarins.

Vöntun er á geymslurými að Varmá eins og kemur fram í þarfagreiningunni. Geymslurýmin ættu að vera rétt staðsett og hver deild hefði sitt geymslurými.

Styrktaraðstaða fyrir iðkendur er metin mjög mikilvæg í þarfagreiningunni en mun færri óska eftir því fá líkamsrækt fyrir almenning að Varmá.

Þátttakendum í þarfagreiningunni er umhugað um aðstöðu starfsfólks og aðgengi fyrir fólk með fötlun.



Yfirlit skýrslu

1. Formáli
2. Samantekt
3. Framkvæmd þarfagreiningar
4. Niðurstöður viðtala við hagaðila
5. Niðurstöður úr spurningakönnun
6. Vettvangsheimsóknir
7. Íþróttir í Mosfellsbæ
8. Íþróttasvæðið að Varmá
9. Horft til framtíðar



Framkvæmd þarfagreiningar

- Þarfagreining vegna þjónustu- og aðkomubyggingar að Varmá er liður í endurskoðun íþróttasvæðisins og mótun skýrrar sýnar á uppbyggingu á svæðinu til næstu 15 ára.
- Markmið þarfagreiningarinnar var að afla upplýsinga um gildi og þjónustubörf þjónustubyggingar að Varmá fyrir ólíka hagaðila, notendur og vænta notendur.
- Gögnum var aflað með kerfisbundnum hætti, þau greind og úrvinnsla gagna settar fram í skýrslu.
- Tekin voru viðtöl við hagaðila. Viðmælendur voru fengnir til að lýsa reynslu og upplifun mismunandi einstaklinga og hópa.
- Lögð var fyrir opin spurningakönnun þar sem öll sem vildu gátu tekið þátt. Könnunin var aðgengileg á vef Mosfellsbæjar frá 5.-15. mars 2024. Markmið könnunarinnar var að fá fram skoðanir og væntingar fólks til aðstöðu og hlutverks þjónustubyggingar.

15
fundir

Haldnir voru **15 kynningarfundir** með hagaðilum þar sem verkefnið var kynnt. Allir þessir hópar fengu tækifæri til að rýna spurningakönnunina og að koma með ábendingar áður en hún var send út.

26
viðtöl

Tekin voru **26 viðtöl** við hagaðila. Leitað var eftir viðhorfum viðmælendanna sjálfra og þeirra hópa sem þeir voru í forsvari fyrir. Með viðtölum fengust fram mikilvæg sjónarmið og skoðanir sem þessir reynslumiklu hópar telja skipta máli fyrir nýja aðkomu- og þjónustubyggingu.

1246
svör

1246 svör fengust úr spurningakönnun sem send var á iðkendur, þjálfara, sjálfboðaliða og forráðamenn Aftureldingar og tengdra félaga. Skólar Mosfellsbæjar sendu tölvupóst með könnuninni á forráðamenn barna og ungmenna og að lokum var könnunin sett á forsíðu á vef Mosfellsbæjar og heilsíðuauglýsing birt í bæjarblaði Mosfellinga þar sem öll voru hvött til að taka þátt í könnuninni. Að auki var könnunin á auðlesnu máli og svöruðu 23 þeirri könnun.

3
heim-
sóknir

Ákveðið var að fara með stýrihópnum í **þrjár vettvangsheimsóknir** og voru Fram, Valur og ÍR sótt heim. Markmiðið var að sjá ný og/eða endurbætt íþróttamannvirki ásamt því að eiga samtöl við forsvarsfólk og fá góð ráð um það sem vel til tókst og það sem betur hefði mátt fara.



Yfirlit skýrslu

1. Formáli
2. Samantekt
3. Framkvæmd þarfagreiningar
4. Niðurstöður viðtala við hagaðila
5. Niðurstöður úr spurningakönnun
6. Vettvangsheimsóknir
7. Íþróttir í Mosfellsbæ
8. Íþróttasvæðið að Varmá
9. Horft til framtíðar



Viðtöl við hagaðila

26 viðtöl



Búningsaðstaða var oftast nefnd í viðtölum við hagaðila. Sérklefar til afnota fyrir meistaraflokka. Einnig kom þriðji klefinn* til tals ásamt geymslum og munaskápum.



Fundarherbergi fyrir vídeófundum með iðkendum, foreldrafundi, þjálfarafundi, starfamannafundi og stjórnarfundi.




Aðstaða til **styrktarþjálfunar** fyrir iðkendur og aðstaða fyrir **sjúkraþjálfun**. Styrktarþjálfun er mikilvægur hluti af æfingaprógrammi margra deilda. Einnig var það talið æskilegt að hafa aðstöðu fyrir sjúkraþjálfara fyrir iðkendur.



Nestis- og veitingaaðstaða. Börn hafi aðstöðu fyrir, eftir eða milli æfinga þar sem þau geta t.d. borðað nestið sitt, spilað, spjallað og slappað af. Einnig að það verði aðstaða þar sem fólk geti fengið sér kaffi, drykki og eitthvað hollt að borða.

*Þriðji klefinn er sérklefi fyrir þau sem vilja ekki nýta hefðbundna karla- eða kvennaklefa



Helstu þarfir hagaðila

Þjónustubygging

Badmintondeild Aftureldingar

- Aðgangur að fundarherbergi fyrir vídeófundum og foreldrafundi.
- 2 meðalstóra búningaklefa með sturtum.
- Læst geymsla fyrir búnað.

Blakdeild Aftureldingar

- Þjónustubygging yrði hjartað í íþróttamiðstöðinni.
- Þörf á 6 klefum til viðbótar við núverandi klefa ásamt sérklefa.
- Geymsla fyrir búnað og aðföng.
- Fundarherbergi fyrir spjall við leikmenn, foreldrafundi, stjórnarfundi o.fl.
- Aðstaða fyrir kaffispyllur eftir leiki.
- Sameiginleg aðstaða /salur fyrir starfsfólk/þjálfara.
- Miðlæg skrifstofuaðstaða fyrir starfsfólk Aftureldingar.
- Veitingaaðstaða/sala.
- Aftureldingarverslun.
- Heitir og kaldir pottar.

Borðtennisfélag Mosfellsbæjar

- Almenn æfingaaðstaða fyrir iðkendur.
- Geymslurými fyrir borðtennisborð og annan búnað.

Önnur aðstöðumál

- Aðstaðan sprungin. Gætu verið töluvert fleiri iðkendur ef æfingaaðstaðan væri betri.

- Ritaraborð og stólar fyrir mót.
- Líkamsræktaraðstaða sem t.d. foreldrar gætu nýtt sér meðan verið er að bíða eftir börnum á æfingu.

- Æfa í dag í Lágafellsskóla. Hafa ekki aðstöðu í Íþróttamiðstöðinni að Varmá. Gætu hugsað sér að komast að Varmá eða í Helgafellsskóla.
- Geta ekki auglýst sig vegna aðstöðuleysis.
- Myndu vilja bjóða eldri borgara og hreyfihamlaða velkomna.



Helstu þarfir hagaðila

Þjónustubygging

FAMOS (Félag aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni)

- Fundaraðstaða fyrir opið hús, fræðslufundi, stjórnarfundi.
- Geymsla fyrir búnað.

Fimleikadeild Aftureldingar

- 4 búningsklefar til viðbótar með snyrtingum og sturtum.
- Munageymsla.
- Fundarherbergi fyrir liðsfundi og myndræna þjálfun.
- Sameiginleg aðstaða/salur fyrir starfsfólk og þjálfara.
- Aðstaða fyrir frístund (leysir samræmingu í stundaskrá).
- Nestisaðstaða fyrir iðkendur.
- Veitingasala/veitingaaðstaða.

FMOS (Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ)

- Myndu vilja vera með aðstöðu að Varmá.
- Aðgangur að líkamsræktaraðstöðu ásamt aðstöðu í Fellinu myndi stuðla að aukinni fjölbreytni í kennslu.
- Myndu nýta sér opið vinnurými fyrir starfsfólk ásamt fundaraðstöðu fyrir 10-15 manns.
- Klefar fyrir kvk, kk og sérklefa.
- Geymsla.

Önnur aðstöðumál

- Aðstaða í Brúarlandi myndi leysa þörfina fyrir fundaraðstöðu.

- Óska eftir lengri opnunartíma í íþróttamiðstöðinni, sérstaklega um helgar.

- Eru með aðstöðu í Lágafelli í dag.
- Gætu mögulega samnýtt aðstöðu með rafíþróttum ef þau væru með aðstöðu að Varmá.
- Myndu vilja koma að kennslu í skólaíþróttum til að geta uppfyllt skilyrði í kennslu fyrir nemendur á íþróttabraut.



Helstu þarfir hagaðila

Þjónustubygging

Frjálsíþróttadeild Aftureldingar

- Búningsklefar.
- Betri fundaraðstaða, rými fyrir 10-12 manna fundi og stærri fundi.
- Opið vinnurými fyrir þjálfara og starfsfólk.
- Aðstaða fyrir sjúkráþjálfara og líkamsrækt.

Golfklúbbur Mosfellsbæjar

Þörf fyrir aðstöðu í þjónustubyggingu er háð því hvort þau komist að með æfingaaðstöðu við Varmá.

- Fundaaðstaða.
- Veitingaaðstaða.
- Geta nýtt sér aðstöðuna frá kl. 8-14, fyrir eldri borgara.

Handboltadeild Aftureldingar

- Sérklefar fyrir meistaraflokka kvk og kk.
- Fjölbreytt fundaaðstaða.
- Vinnuaðstaða í opnu rými fyrir þjálfara.
- Aðstaða fyrir börn á milli æfinga.
- Veitingasala.
- Aðstaða fyrir sjúkráþjálfara og styrktarþjálfun.
- Aðstaða fyrir styrktaraðila og velunnara.
- Dómaraaðstaða.
- Gott aðgengi að heitum og köldum pottum.
- Aðstaða fyrir félagsstarf.

Önnur aðstöðumál

- Útigeymsla.
- Búningsklefar úti.
- Aðstaða til inniæfinga er takmörkuð.

- Gætu hugsað sér að komast að í eða við væntanlega stúkubyggingu með golfherma og púttvöll.

- Vilja geta komið inn og nýtt aðstöðuna á tímum sem Varmá er lokuð skv. opnunartímum.
- Styrkur fyrir félagið að deildirnar séu allar á sama stað.



Helstu þarfir hagaðila

Þjónustubygging

Önnur aðstöðumál

Hestamannafélagið Hörður

- Gætu nýtt sér mögulega fundaraðstöðu fyrir stjórnar- og nefndarfundum.
- Gætu einnig nýtt sér sjúkrapjálfunar- og styrktaraðstöðu.

Hjóladeild Aftureldingar

- Fundaraðstaða fyrir stjórnar- og kynningarfundum ásamt fundum í streymi.
- Aðgang að styrktaraðstöðu.
- Læst og yfirbyggð hjólageymsla úti, með þvottaaðstöðu, viðgerðarstand og slóðagerðarverkfæri.

Íþróttafulltrúi Aftureldingar

- 4 búningasklefar til viðbótar við þá sem fyrir eru.
- Vantar geymslu fyrir íþróttaskólann og fyrir gólfmottur.
- Fleiri fundarherbergi: lítið fyrir 1-4 manns, eitt fyrir u.þ.b. 15-20 manns og tvö fyrir 10 manns fyrir liðs- og vídeófundum.
- Salur sem hægt væri að leigja út.
- Opið vinnurými fyrir þjálfara og starfsfólk.
- Aðstaða fyrir frístund og nestisaðstaða fyrir iðkendur.
- Veitingaaðstaða.
- Verslun með Aftureldingar vörur.
- Aðstaða fyrir styrktarþjálfun með lengri opnunartíma.
- Meistaraflokkar hafi möguleika á lengri opnunartíma til að fara í potta og styrktarþjálfun.



Helstu þarfir hagaðila

Þjónustubygging

Íþróttakennarar í Helgafellsskóla

- 4 búningsklefum til viðbótar við þá sem fyrir eru til að koma í veg fyrir árekstra milli tíma.
- Góð fundaraðstaða er mikilvæg fyrir fræðslu og kennslu.
- Mikilvægt er að það sé einhvers konar opin aðstaða fyrir kennara úr öllum skólum.
- Læstir skápar.

Íþróttakennarar í Kvíslarskóla

- Sérklefi bæði við sundlaug og í íþróttahúsi.
- Þörf er á áhaldageymslum.
- Í tengslum við vinnuaðstöðu íþróttakennara þarf að vera salerni og sturta, skápar fyrir auka föt og útiföt.
- Veislusalur til afnota fyrir öll, sem hægt er að skipta upp í minni einingar fyrir fundi og viðburði.

Íþróttakennarar Varmárskóla

- Sturtu- og búningsaðstöðu fyrir íþróttakennara auk aðstöðu til að hengja frá sér kennslufatnað og útiföt.
- Kennsluaðstaða þar sem hægt er að vera með bóklega fræðslu fyrir nemendur.
- Vinnuaðstaða sem hægt er að nota milli tíma og geyma tölvur og gögn.
- Aðstaða til að borða og geyma nesti.

Önnur aðstöðumál

- Bæta þarf aðstöðu fyrir íþróttakennara að Varmá og að það sé aðstaða fyrir alla íþróttakennara skólanna.

- Bæta vinnuaðstöðu íþróttakennara, þurfa aðstöðu fyrir 6-8 kennara.

- Bæta þarf aðstöðu íþróttakennara m.t.t. þess að þurfa ekki alltaf að koma með alla hluti með sér heldur geta gengið að hlutunum í aðstöðurymi.



Helstu þarfir hagaðila

Þjónustubygging

Karatedeild Aftureldingar

- Vantar búningaáðstöðu, hafa enga í dag.
- Læsta geymslu fyrir galla og belti.
- Fundaraðstaða fyrir t.d. stjórnarfundi.

Knattspyrnudeild Aftureldingar

- 2 sérklefa fyrir meistaraflokkana þar sem pláss er fyrir nuddbekki.
- Þurfa samtals 7 búningasklefa.
- Dómaraklefi með snyrtingu og sturtu fyrir bæði kk og kvk (eru á undarpágu hjá KSÍ).
- Þörf fyrir bolta-og áhaldageymslu.
- Þjálfaraherbergi fyrir 4-6 manns.
- Fundaraðstaða: fyrir liðsfundi u.þ.b. 32 manns og 100 manna sal fyrir foreldrafundi.
- Áðstöðu til að bjóða velunnurum upp á kaffi og veitingar fyrir leiki.
- Opið vinnurými með flæðandi borðum.
- Veitingasala.
- Aðstaða fyrir sjúkraþjálfara og styrktarþjálfun.
- Sjúkraherbergi fyrir lyfjapróf.

Önnur aðstöðumál

- Ekki ánægð með samnýtinguna á bardagasalnum, notkunin fer ekki alltaf saman.
- Skilrúm milli sala er ekki góð, mjög hljóðbært.
- Almenn aðstaða fyrir fatlaða mjög ábótavant, vantar handrið o.fl. fyrir fatlaða og aldraða.



Helstu þarfir hagaðila

Þjónustubygging

Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar

- Vilja aðgang að búningssklefum fyrir karla og konur.
- Hafa þörf fyrir geymslu fyrir keppnisbúnað.
- Fundaraðstaða: Myndu nýta sér aðstöðu í millistóru fundarherbergi 12-15 manns og stærri sal til að koma saman eftir mót.
- Aðstaða fyrir starfsfólk t.d í opnu rými.
- Mundu nýta sér heita og kalda potta.
- Aðstaða til að taka lyfjapróf.

Önnur aðstöðumál

- Óska eftir betri aðstöðu fyrir íþróttina.

Körfuboltadeild Aftureldingar

- Búnings- og sturtuaðstaða fyrir gestalið.

- Óska eftir aðgengi að stigaskjá
- Óska eftir aðgengi að sal 2 sem er með 8 körfur.

MotoMos

- Ef aðgengi að Varmá gætu þau nýtt sér sunðaðstöðu og búningssklefa.
- Fundaraðstaða fyrir bóklega kennslu.
- Aðstaða til styrktarþjálfunar.



Helstu þarfir hagaðila

Þjónustubygging

Notendaráð

- 2 sérklefa þar sem annar væri sérútbúinn fyrir fatlaða.
- Geymslurými fyrir hjólastóla.
- Rúmgóður samkomusalur með aðgengi fyrir fatlaða.
- Góð hljóðvist skiptir miklu máli.
- Myndu nýta sér þá aðstöðu sem verður í boði ef aðstaðan fyrir fatlaða er góð.

Rafmos

- Vilja gjarnan geta nýtt sér þá aðstöðu sem er í boði að Varmá, þó þau séu ekki með æfingaaðstöðu þar.
- Styrktaraðstaða.
- Aðstöðurými fyrir 10-20 tölur.
- Sal eða stórt fundarherbergi til mótahalds.

Starfsfólk íþróttamiðstöðva

- Starfsmannaklefi með sturtu, snyrtingu og læstum skápum.
- 2-4 klefa þarf til viðbótar við búningaáðstöðuna í húsinu.
- Betra rými fyrir óskilamuni og ræstirými á hverri hæð
- Nauðsynlegt að fá sérklefa (3ji klefinn).
- Betri fundaraðstöðu í húsið.
- Betri vinnuaðstöðu fyrir kennara.
- Dómaraaðstaða.

Önnur aðstöðumál

- Rafmagnshjólastóll kemst ekki inn í búningasklefana eins og þeir eru í dag
- Tækjabúnaður þarf að vera til staðar í klefum til að hægt sé að hífa einstakling úr stólnum.
- Í búningaáðstöðu þarf að vera salerni, vaskur, skiptibekkur, sturtuaðstaða og læstir skápar.
- Bílastæði fyrir fatlaða nær húsinu og upphitað plan.



Helstu þarfir hagaðila

Þjónustubygging

Sunddeild

- Ef sundaðstaðan að Varmá væri fullnægjandi, myndu þau hafa not fyrir m.a.
- Fundaaðstöðu fyrir þjálfarafundi, foreldrafundi og fundi með iðkendum.
- Geymslu fyrir sundbúnað.
- Gott væri að hafa stærri sal sem hægt væri að leigja út fyrir viðburði.

Taekwondodeild

- 2 klefa til viðbótar með sturtuaðstöðu (eru að samnýta klefa með fimleikadeild).
- Geymslur fyrir búninga, rafbrynjur og söluvarning.
- Fundarherbergi fyrir stjórnarfundum, námskeið og stærri fundum.
- Stór salur fyrir lokahóf og veislur.
- Nestisaðstaða fyrir iðkendur
- Aðstaða fyrir sjúkraþjálfara og líkamsrækt.

Ungmennaráð

- Óska eftir stærri búningasklefum með m.a. körfum fyrir fötin.
- Munaskápar fyrir skóladót og tölvur.
- Aðstaða til að læra, stað til að vera á milli æfinga og þegar verið er að bíða eftir rúttunni/strætó.
- Vilja að hægt sé að kaupa nesti hvenær sem er dagsins.
- Þau myndu nýta sér styrktarþjálfun ef hún væri í boði.
- Hleðslur til að hlaða síma.

Önnur aðstöðumál

- Æfa í Lágafellslaug í dag.
- Vantar fleiri línur í laugina að Varmá til að hægt sé að nota hana sem æfingalaug.
- Vilja bættu æfingaaðstöðu. Hafa ekki getað haldið mót í Lágafellslaug vegna ófullnægjandi aðstöðu, sundlaug of stutt og stungupallar ekki löglegir.

- Engin aðstaða fyrir hreyfihamlaða.
- Deila aðstöðunni með karatedeildinni með tjald á milli, mjög hljóðbært.
- Vantar merkingar í núverandi þjónustubyggingu hvar bardagasalur er staðsettur.
- Geymsla til að hlaða rafbrynjur nálægt salnum.

- Sturtur í búningasklefum við ganginn óþægilegar.
- Hægt sé að kaupa nesti fyrir kl. 14 á daginn.




Yfirlit skýrslu

1. Formáli
2. Samantekt
3. Framkvæmd þarfagreiningar
4. Niðurstöður viðtala við hagaðila
- 5. Niðurstöður úr spurningakönnun**
6. Vettvangsheimsóknir
7. Ípróttir í Mosfellsbæ
8. Ípróttasvæðið að Varmá
9. Horft til framtíðar




Spurningakönnun

1246 þátttakendur




91%

sögðu **búningsaðstöðu** skipta þau miklu máli




88%

töldu **aðstöðu fyrir gesti** skipta miklu máli




83%

lögðu áherslu á **barnvæna aðstöðu**





77%

vilja hafa **aðstöðu til styrktarþjálfunar** fyrir iðkendur



Bakgrunnur þátttakenda



Nýting aðstöðunnar að Varmá

Nýtir þú þér aðstöðu ípróttamiðstöðvarinnar að Varmá?

■ Já ■ Nei



1025 einstaklingar sem svöruðu könnuninni nýta sér aðstöðuna að Varmá.

Ef nei,

Gætir þú hugsað þér að nota aðstöðuna að Varmá?

■ Já ■ Nei




Af þeim 219 einstaklingum sem sögðust ekki nýta sér ípróttamiðstöðina að Varmá þá sögðu **83%** geta hugsað sér að nýta hana eða 182 einstaklingar.




Helstu hlutverk

Hvert er þitt helsta hlutverk þegar þú sækir íþróttamiðstöðina að Varmá?




Ástundun íþróttar



Mikilvægi ýmissa þátta

Hversu miklu eða litlu máli skipta eftirtaldir þættir fyrir þjónustu- og aðkomubyggingu




1. Mjög litlu máli 2. Frekar litlu máli 3. Hvorki né 4. Frekar miklu máli 5. Mjög miklu máli



Forráðamenn

368 svör

Hversu miklu eða litlu máli skipta eftirtaldir þættir fyrir þjónustu- og aðkomubyggingu - Topp 5



Forráðamenn

”

„Samkomustaður fyrir börn og ungmenni“

„Næg bílastæði og breyta aðkomu“

„Samverustaður fyrir iðkendum félagsins“

„Alvöru félagsaðstaða fyrir fólk að fá sér kaffi á meðan börnin æfa“

„Hafa nestisaðstöðu sem selur hollt millimál“

„Rafíprótta aðstaða“

”

”

„Það verður að vera gott aðgengi og næg bílastæði“

„Gera ráð fyrir aðstöðu til að andlegrar þjálfunar samhlíða þeirri líkamlegu“

„Fjölnota bygging, hlýleg og rúmgóð“

„Drífa í þessu!“

„Hugsa til framtíðar, af metnaði og stórhug“


”



Iðkendur

276 svör

Hversu miklu eða litlu máli skipta eftirtaldir þættir fyrir þjónustu- og aðkomubyggingu - Topp 5



Iðkendumur

”

„Aftureldingabúð!“

„Selja ávexti og boozt“

„Vatn til að fylla á brúsuna“

„Leggja áherslu á bílastæði og öruggari gönguleiðir fyrir börn“

„Það væri gaman að hafa vegg með sögu íþróttafélagsins“

”

”

„Hús fyrir alla“

„Það væri gott að leyfa krökkum að æfa sig í handbolta þegar engin æfing er í gangi“

„UMFA VIÐ ELSKUM ÞIG“

„Nóg af klefum og samkomustaður fyrir fólk að slaka á, hittast og spjalla“

„Bara áfram Afturelding“


”



Sundlaugagestir

102 svör

Hversu miklu eða litlu máli skipta eftirtaldir þættir fyrir þjónustu- og aðkomubyggingu - Topp 5



Sundlaugagestir

”

„Þjónustu- og aðkomubygging þarf að vera glæsileg, opin og aðgengileg“

„Hafa næg bílastæði“

„Góð aðstaða fyrir spjall og samveru eldri borgara“

„Aðgengi fyrir fatlaða að sundlaug og betri búningaástaða fyrir alla“

„Starfsfólk á alltaf skilið toppaðstöðu“

”

”

„Útiklefi við sundlaug“

„Lengri opnunartími um helgar“

„Almenningur hafi möguleika á að komast í styrktarþjálfun“

„Aðstaða í bænum okkar sem við getum verið stolt af“

„Sturtur og búningaklefar fyrir sundlaugargesti þurfa að fá yfirhalningu“


”



Áhorfendur

69 svör

Hversu miklu eða litlu máli skipta eftirtaldir þættir fyrir þjónustu- og aðkomubyggingu - Topp 5



Áhorfendur

”

„Þar sem börn og ungmenni fá pláss og öryggi“

„Aðgengi fyrir gangandi og hjólandi“

„Hugsa til framtíðar ekki skammtíma“

„Vantar hvatningu og stuðning fyrir fatlaða að æfa íþróttir í Mosfellsbæ“

”

”

„Góð aðkoma með setu-og veitingasvæði“

„Hafa fleiri bílastæði“

„Hafa heilsusamlegan kost til sölu“


„Félagsmiðstöð“



Starfsfólk íþróttafélaga / þjálfarar

53 svör

Hversu miklu eða litlu máli skipta eftirtaldir þættir fyrir þjónustu- og aðkomubyggingu - Topp 5



Starfsfólk íþróttafélaga / þjálfarar

”

„Bjóða upp á sali fyrir fundi“

„Aðstaða fyrir stuðningsmenn“

„Tryggja aðgang fyrir fatlaða og almenning“

„Byggja til framtíðar, ekki plástra til næstu 4-5 ára“

„Viðhald á íþróttaklefum“

”

”

„Bæta veitingasölu“

„There is a big need of parking spaces“

„Hætta að tala og byrja að framkvæma“

„Íbúar og iðkendir allra deilda hafa beðið í 20 ár“


”



Sjálfboðaliðar

39 svör

Hversu miklu eða litlu máli skipta eftirtaldir þættir fyrir þjónustu- og aðkomubyggingu - Topp 5



Sjálfboðaliðar

”

„Stjórnir og ráð hafi góða aðstöðu fyrir sína vinnu“

„Vantar samkomustað fyrir liðið“

„Aðstaða til þess að taka á móti styrktaraðilum“

„Mjög mikilvægt að fá þessa byggingu upp sem fyrst þar sem Varmá er lífæð bæjarins og sameinar bæjarbúa“

”

”

„Hafa nóg af búningsklefum, styrktarþjálfun fyrir iðkendur og góða félagsaðstöðu“

„Almenn félagsaðstaða þar sem ungir sem eldri eru velkomnir er lykilatriði til þess að geta byggt upp alvöru félagsanda“


”



Starfsfólk Mosfellsbæjar

20 svör

Hversu miklu eða litlu máli skipta eftirtaldir þættir fyrir þjónustu- og aðkomubyggingu - Topp 5



Starfsfólk Mosfellsbæjar

”

„Hægt sé að taka vel á móti þeim krökkum sem koma frá frístund á æfingar“

„Vantar sárlega aðstöðu fyrir skó“

„Bæta við aðstöðu þannig unglingar þurfi ekki að vera á æfingum langt fram á kvöld“

”

”

„Þörf er á fleiri bílastæðum fyrir bæði starfsfólk og iðkendur“

„Mikil þörf á fleiri búningsklefum“

„Vantar áhaldageymslur“

„Mikilvæg framkvæmd“


”



Börn og ungmenni 5-15 ára

171 svar

Hversu miklu eða litlu máli skipta eftirtaldir þættir fyrir þjónustu- og aðkomubyggingu - Topp 5



Börn og ungmenni 5-15 ára

”

„Stærra íþróttahús fyrir innanhúss æfingar t.d. handbolta, badminton og skólaíþróttir svo fleiri geti verið í salnum á sama tíma“

„Fleiri bílastæði, mikið fleiri hjólagrindur“

„Loka og læsa klefum meðan krakkar eru í íþróttum“

”

”

„Hafa fleiri borð til að setjast við“

„Hafa bygginguna glæsilega“

„Gera aðstöðu fyrir borðtennis“

„Fleiri klefar, klefar fyrir 12 ára og eldri fyrir fimleika“

„Vantar meira pláss “

”



Yfirlit skýrslu

1. Formáli
2. Samantekt
3. Framkvæmd þarfagreiningar
4. Niðurstöður viðtala við hagaðila
5. Niðurstöður úr spurningakönnun
- 6. Vettvangsheimsóknir**
7. Ípróttir í Mosfellsbæ
8. Ípróttasvæðið að Varmá
9. Horft til framtíðar



Vettvangsheimsókn í Úlfarsárdal

Árið 2022 flutti Knattspyrnufélagið Fram á nýtt framtíðarsvæði félagsins í Úlfarsárdal. Íþróttamiðstöðin er fjölnota íþróttahús með 2 handknattleiksvöllum, 3 minni íþróttasalir fyrir taekwondo, almenningsdeild og styrktarþjálfun félagsins.

Í Fram eru 6 deildir fótbolta, handbolta, skíði, taekwondo, blak og almenningsíþróttir.



Nemendur í Dalskóla stunda skólaíþróttir í íþróttamiðstöðinni.

Í íþróttamiðstöðinni eru 15 búningsklefar þar af sérklefar fyrir meistaraflokka (kvk og kk) í handbolta og fótbolta með sameiginlegum votrymum. Þar með talið er 1 fullbúinn sérklefi með góða aðstöðu fyrir fatlaða og sjúkraþjálfunarbekk, 2 dómaraklefar og sjúkraklefi/lyfjaprófun.

Félags- og þjónustuaðstaða er fyrir starfsfólk, þjálfara og félagsmenn ásamt samkomusal, fundaraðstöðu, verslun, þjónustu, áhaldageymslu og annarskonar geymslum.

„Helsti kostur íþróttamiðstöðvar Fram er að núna eru allar deildir saman á einum stað og hafa aðgang að aðstöðu sem hentar þeirra íþrótt ásamt því að hafa aðgengi að sameiginlegri aðstöðu sem nýtist öllum deildum. Ég sé það sem kost að byggingin er björt, með góða hljóðvist og góða félagsaðstöðu“.

Pór Björnsson, Íþróttastjóri Fram



Vettvangsheimsókn á Hlíðarenda

Árið 1958 tók Knattspyrnufélagið Valur í notkun íþróttahús félagsins að Hlíðarenda og árið 1987 var tekið í notkun félagsheimili félagsins ásamt vallarhúsi. Síðustu ár hefur Valur verið að vinna að byggingu nýrra mannvirkja.

Árið 2007 var tekið í notkun fjölnota íþróttahús með keppnishúss fyrir handknattleik, körfuknattleik og keppnisvöllur fyrir knattspyrnu, auk nýrrar félagsaðstöðu. Torgið er hjartað í Val og í Fjósínu er annarskonar félagsaðstaða félagsins.


Í Val eru þrjár deildir fótbolts, handbolts og körfubolts. HR, Hlíðaskóli og Hjallastefnan er með skólaíþróttir.

Í heildina eru 15 klefar og einn dómarklefi að Hlíðarenda, allir mfl með sinn klefa (samtals 6 klefar). Klefapör þ.e. tveir klefar og eitt votrymi. Tvö af þessum votrymum hafa heita og kalda potta fyrir mfl.

Aðstaða er fyrir starfsfólk, þjálfara og félagsmenn ásamt stórum samkomusal (sem skipta má upp í þrjá minni) með veislueldhúsi, fundaraðstaða, verslun, þjónustu, áhaldageymslu og annarskonar

Það að allir komi sömu leið inn í húsið sama hvort það eru foreldrar, yngri iðkendur eða mfl. leikmenn að fara inn í íþróttasalinn, styrktarsalinn eða út á gervigervigras. Þá eiga leikmenn það til að fá sér einn kaffibolla saman á torginu og jafnvel stutt spjall með krökkunum. Það er hjartað í VAL.

Theódór Hjalti Valsson, mannvirkja- og viðburðastjóri



Vettvangsheimsókn í Skógarsel




Árið 2020 var knatthúsið og parkethúsið tekið í notkun. Þar eru enn framkvæmdir og var fyrirhugað að koma fyrir starfsaðstöðu fyrir starfsfólk og þjálfara ásamt fundaaðstöðu en verið er að skoða hvort það nýtist betur fyrir allskyns félagsaðstöðu m.a. fyrir hópefli, pílu, borðtennis og boccia.

Árið 2022 ÍR í notkun þjónustubygginguna. Í Skógarselinu eru 12 búningaklefar sem skiptast þannig að 6 klefar eru í „gamla“ ÍR húsinu og 6 í nýrri byggingum ásamt 2 dómaraklefum. Meistaraflokkar í fótbolta, körfubolta og handbolta eru með „sérmerkt“a klefa sem þó eru til notkunar fyrir aðra. Töluvert er af geymslum í húskynnum ÍR.

Í þjónustubyggingunni koma börn og fullorðnir saman. Börn og ungmenni borða nesti, spila og lita svo eitthvað sé nefnt á meðan beðið er eftir æfingum.

Hjá ÍR eru 10 deildir, það eru fótbolta, handbolta, körfubolta, frjálsar, fimleikar, keila, judo, karate, skíði og taekwondo. Í Skógarseli eru einnig kenndar skólaípróttir Ölduselsskóla.

Í anddyrinu í þjónustubyggingunni er aðstaða er fyrir starfsfólk, verslunarsvæði fyrir sjálfbodaðiða ásamt setustofu sjónvörpum fyrir iðkendur, foreldra og aðra sem að eiga leið hjá.



Yfirlit skýrslu

1. Formáli
2. Samantekt
3. Framkvæmd þarfagreiningar
4. Niðurstöður viðtala við hagaðila
5. Niðurstöður úr spurningakönnun
6. Vettvangsheimsóknir
7. Íþróttir í Mosfellsbæ
8. Íþróttasvæðið að Varmá
9. Horft til framtíðar



Íþróttaaðstaða í Mosfellsbæ

1. **Íþróttamiðstöðin að Varmá**
Badminton, blak, fimleikar, karate, taekwondo, hjól, fótbolti, handbolti, frjálssar íþróttir, kraftlyftingar, FaMos* og skólaíþróttir (4 skólar)
2. **Íþróttamiðstöðin Lágafelli**
Sund, körfubolti, FMOS (World Class) og skólaíþróttir
3. **Lágafellsskóli**
Borðtennis
4. **Varmárbakkar**
Hestaíþróttir
5. **Sandgryfjur**
Motocross
6. **Hlíðarvöllur**
Golf
7. **Bakkakot**
Golf
8. **Tungubakkar**
Fótbolti



*Félag aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni stunda boccia, ringo, Heilsa&hugur, leikfimi, golf og göngur

Iðkenda fjöldi

Afturelding 2228 iðkendur (2023) og önnur félög 3400 iðkendur.
Tölur fengnar frá Aftureldingu og í viðtölum við hagaðila.

Allir	KK	KVK	Samtals
Badminton	55	28	83
Blak	40	92	132
Borðtennis	8	4	12
FaMos*			260
Fimleikar	129	370	499
Fótbolti	414	224	638
Frjálsar	20	33	53
Golf	1.546	742	2.288
Handbolti	197	102	299
Hestaíþróttir			720
Hjóladeild	40	16	56
Íþróttaskóli	38	26	64
Karate	35	20	55
Karfa	127	14	141
Kraflyftingar			80
Rafíþróttir			40
Sund	50	63	113
Taekwondo	67	28	95

*Félag aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni, íþróttanefnd

Mosfellsbær

Parfagreiðing vegna þjónustu- og aðkomubyggingar að Varmá



Nýting á aðstöðu

Íþróttamannvirkin í Mosfellsbæ eru þéttsetin frá morgni til kvölds.

- Skólarnir nýta íþróttastöðuna að Varmá og Lágafelli fyrir skólaíþróttir fyrri part dags.
- FaMos, félag eldri borgara, stunda boccia, ringo, leikfimi, golf og göngur utan álagstíma.
- Upp úr hádegi og fram á kvöld skipta deildir Aftureldingar og önnur íþróttafélög með sér lausum tímum innandyra og utan.
- Um helgar er meira um lausa tíma en vegna íþróttamóta og viðburða falla skipulagðar æfingar gjarnan niður.
- Tækifæri eru til að nýta bardagasalinn betur.
- Önnur aðstaða að Varmá t.d. Fellið og gervigrasið er mjög vel nýtt á æfingartíma virka daga.
- Miðað við fólksfjölgun í bæjarfélaginu er líklegt að bæta þurfi við íþróttamannvirkjum til þess að anna eftirspurn yngri sem eldri.

Tækifæri eru til að nýta aðstöðuna betur ef opnunartími yrði rýmkaður og vinnufyrirkomulagi breytt.

Opnunartími íþróttamannvirkja Mosfellsbæjar

	Virkir dagar	Laugardagar	Sunnudagar
Íþróttamiðstöðin að Varmá	06:30 - 21:30	08:00 - 17:00	08:00 - 16:00
Íþróttamiðstöðin Lágafelli	06:30 - 22:00	08:00 - 19:00	08:00 - 19:00
Varmárbakkar (Reiðhöllin)		08:00 - 23:00	
Sandgryfjur		Mismunandi opnunartími	
Hlíðarvöllur		08:00 - 21:00/22:00 (sumar og vetraropnun)	
Bakkakot		08:00 - 21:00 (sumaropnun)	
Tungubakkar		10:00 - 22:00 (sumaropnun)	



Yfirlit skýrslu

1. Formáli
2. Samantekt
3. Framkvæmd þarfagreiningar
4. Niðurstöður viðtala við hagaðila
5. Niðurstöður úr spurningakönnun
6. Vettvangsheimsóknir
7. Ípróttir í Mosfellsbæ
- 8. Ípróttasvæðið að Varmá**
9. Horft til framtíðar



Íþróttasvæðið að Varmá

Uppbygging að Varmá

- Á íþróttasvæðinu að Varmá er í gildi deiliskipulag frá árinu 2007 sem var breytt árið 2022 vegna fyrirhugaðrar þjónustubyggingar að Varmá.
- Uppbygging íþróttamannvirkja að Varmá hefur farið fram í nokkrum áföngum og eru um 60 ár síðan elsti hluti hennar, Varmárlaug, var tekin í notkun. Um svipað leiti var fyrsti íþróttasalurinn (salur 3) ásamt klefum byggður.
- Síðan þá hefur aðstaðan verið bætt í áföngum:
 - ✓ Aðalvöllur og frjálsíþróttasvæði 1989 - 1990
 - ✓ Handboltahús (salur 1 og 2) 1997 - 1998
 - ✓ Gervigras (neðri völlur) 2006 - 2007
 - ✓ Fimleika- og bardagahús 2013 - 2014
 - ✓ Fjölnota íþróttahús (Fellið) tekið í notkun 2019

Viðhald núverandi bygginga

- Byggingarnar næst anddyri íþróttamiðstöðvarinnar eru elsti hluti Varmásvæðisins og skipulag þeirra er að mörgu leiti barn síns tíma.
- Áður en farið er í skipulag og hönnun þjónustu- og aðkomubyggingar er mikilvægt að skoða ástand og notkunarmöguleika núverandi bygginga sem munu tengjast þjónustu- og aðkomubyggingunni, þá sérstaklega eldri bygginganna.



Hugleiðing

Hætta að plástra og skoða endurnýjun á stærra svæði



Yfirlit skýrslu

1. Formáli
2. Samantekt
3. Framkvæmd þarfagreiningar
4. Niðurstöður viðtala við hagaðila
5. Niðurstöður úr spurningakönnun
6. Vettvangsheimsóknir
7. Ípróttir í Mosfellsbæ
8. Ípróttasvæðið að Varmá
- 9. Horft til framtíðar**



Horft til framtíðar

Parfagreiðingun sýnir að það er brýn þörf fyrir fleiri búningsklefa, félags- og samkomurými og funda- og vinnuaðstöðu fyrir þjálfara, forráðamenn og iðkendur.

Stór hluti þátttakenda, 97%, nýtir sér eða vill nýta sér íþróttaaðstöðuna að Varmá – sem er mjög jákvætt.

- Aðkoma og bílastæðamál liggja þungt á mörgum, fleiri vilja komast að en geta á álagstímum sem eru margir í hverri viku. 22% þátttakenda í spurningakönnuninni nefndu bílastæðavanda þrátt fyrir að það hafi ekki verið sérstaklega spurt út í bílastæði.
- Íþróttastaðan sjálf er að nálgast þolmörk. Nýtingin á allri íþróttaaðstöðunni nálgast 100% og er farin að hamla frekari stækkun deilda.
- Iðkendum Aftureldingar fjölga jafnt og þétt og erfiðara er orðið að skipuleggja æfingar þannig að allir fái æfingartíma við hæfi.

Íbúafjöldi bæjarins hefur nánast þrefaldast á 20 árum og bæjarbúum á eftir að fjölga verulega á næstu árum miðað við áætluð uppbyggingaráform bæjarins.

- Fjölgunin hefur einnig þá þýðingu að það fjölga í skólum Mosfellsbæjar og í hópi eldri borgara.
- Skólarnir þurfa tíma í íþróttasölunum fyrir nemendur sína og eldri borgarar sem hafa verið að fá tíma í sölunum til æfinga og heilsueflingar þurfa í samræmi við fjölgun í hópnum meira pláss og fleiri tíma.
- Það er því ljóst að það er ekki bara þörf fyrir fleiri klefa, funda- og félagsaðstöðu, það er einnig mikil þörf fyrir bætta æfinga- og keppnisaðstöðu í bænum.



Viðmælendur og þátttakendur í parfagreiðingunni hvetja Mosfellsbæ til að hugsa stórt og til framtíðar. Taka núverandi ástand og stöðu til greina, meta þarfirnar og gera metnaðarfulla áætlun út frá fyrirséðri íbúafjölgun næstu ára og áratugi.

